

STEFNA ÍSLANDSSJÓÐA UM HVERNIG SJÁLFBÆRNIÁHÆTTA FELLUR INN Í FJÁRFESTINGARÁKVÖRÐUNARTÖKUFERLI

1. Inngangur og gildissvið

Íslandssjóðir hf. (hér eftir „Íslandssjóðir“ eða „félagið“) er rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði, rekstraraðili sérhæfðra sjóða samkvæmt lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og hefur að auki heimild til eignastýringar og fjárfestingarráðgjafar.

Stefna þessi gildir um fjárfestingarákvörðunartökuferli á sviði sjóðastýringar og eignastýringar (hér eftir „fjárfestingarteymin“) innan Íslandssjóða og lýsir stefnan því hvernig sjálfbærniáhætta er felld inn í fjárfestingarákvörðunartökuferlið, sbr. 3. gr. reglugerðar ESB nr. 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu¹ (hér eftir SFDR).

SFDR skilgreinir áhættu tengdri sjálfbærni sem „atburður eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnaðráttá sem gæti, ef hann gerist, haft raunveruleg eða hugsanleg veruleg neikvæð áhrif á virði fjárfestingarinnar“.

2. UFS og sjálfbærniáhætta

Í því skyni að tryggja að fjárfestingarákvarðanir séu byggðar á ítarlegum upplýsingum þá leitast fjárfestingarteymi Íslandssjóða við að fella inn UFS² þætti í greiningu fjárfestinga. Þar sem UFS þættir geta bæði haft neikvæð og jákvæð áhrif þá er hægt að nota þá til að greina fjárfestingartækifæri sem og sjálfbærniáhættu.

Áhætta tengd sjálfbærni er felld inn í fjárfestingarákvörðunartökuferli hjá fjárfestingarteymum sem hluti af heildstæðu áhættumati vegna fjárfestinga. Áhættumatið, sem byggir m.a. á eigindlegum og meginindlegum UFS upplýsingum, tekur tillit til öflugrar greiningar á sjálfbærniáhættu. Íslandssjóðir greina sjálfbærniáhættu með því að leggja mat á UFS þætti í fjárfestingarferlinu og meta helstu neikvæðu áhrifin af UFS þáttunum á virði viðkomandi fjárfestingar.

Sem hluti af viðleitni Íslandssjóða við mat á UFS þáttum hefur félagið þróað stefnur og verkferla sem fela í sér öflugt skimunarferli varðandi fylgni útgefenda fjármálagerna við helstu viðmið á sviði UFS þátta. Það gerir Íslandssjóðum kleift að tilgreina útgefendur sem virðast ekki fylgja lögum og reglum varðandi umhverfisvernd, mannréttindi, vinnuréttindi og aðgerðir gegn spillingu og mútum³. Verkferli um framkvæmd áreiðaneidanleikakannana við fjárfestingar vegna helstu neikvæðra áhrifa á sjálfbærni (e. *Principal Adverse Impact* eða PAI)⁴ gerir Íslandssjóðum jafnframt kleift, þegar við á, að leggja mat á báðar hliðar af svokölluðu „tvíþátta mikilvægi“⁵. Þá getur mat á UFS þáttum leitt til þess að Íslandssjóðir beiti sér fyrir virkum samræðum við útgefendur, einangri eða útiloki útgefendur sem hafa sýnt af sér hegðun sem felur í sér háa sjálfbærniáhættu.

¹ Reglugerðin var lögfest hérlandis með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.

² UFS stendur fyrir umhverfismál, félagslega þætti og stjórnaðrátti.

³ Sjá nánar [stefnu Íslandssjóða um ábyrgar fjárfestingar](#).

⁴ Sjá nánar yfirlýsingu Íslandssjóða um neikvæð áhrif fjárfestinga á sjálfbærniþætti (e. *Principal Adverse Impact statement*).

⁵ Með „tvíþátta mikilvægi“ er annars vegar átt við UFS tengda áhættu sem hefur veruleg áhrif á fjárhagslega frammistöðu útgefanda og hins vegar umhverfis- og félagslegu áhrifin sem hlýst af starfsemi sama útgefanda. Atriðin tvö eru vanalega nátengd en eru ekki í öllum tilfellum samtvinnuð.

Að teknu tilliti til stærðar, eðlis og umfangs fjárfestingarstarfsemi á milli mismunandi fjárfestingarteyma og fjárfestingaraðferða þeirra innan Íslandssjóða er notast við UFS gagnagreiningu frá utanaðkomandi gagnaveitum og sérfræðingum sem og eigin UFS greiningu og aðferðum til að meta sjálfbærniáhættu. UFS gagnaveitur og greiningar frá utanaðkomandi UFS sérfræðingum eru teknar til reglulegrar endurskoðunar með hliðsjón af gæðum gagna, umfjöllunarsviðum og öðrum viðeigandi þáttum.

Sem dæmi um sjálfbærniáhættu má nefna eftirfarandi:⁶

Umhverfistengd áhætta: Fjárhagsleg áhætta sem tengist váhrifum útgefanda gagnvart loftlagsbreytingum. Annars vegar vegna mögulegra neikvæðra áhrifa af starfsemi útgefanda á loftlagsbreytingar og hins vegar vegna neikvæðra áhrifa loftlagsbreytinga á starfsemi útgefanda. Þetta felur í sér raunáhættu, t.d. auknar öfgar í veðurfari eða súrnun sjávar vegna loftslagsbreytinga sem geta haft áhrif á þau fyrirtæki sem fjárfest er í, en einnig umbreytingaráhættu á sviði loftslags, svo sem kolefnisskattar, tækni eða neytendahegðun sem gæti haft neikvæð áhrif á fyrirtæki.

Félagsleg áhætta: Áhætta vegna neikvæðra áhrifa á fjárhagslega frammistöðu útgefanda sem stafar af núverandi eða væntanlegum áhrifum félagslegra þátta, svo sem vegna ójöfnuðar, öryggi og heilbrigði á vinnustað eða öðrum vinnuréttarlegum málefnum.

Stjórnarháttarleg áhætta: Áhætta vegna neikvæðra áhrifa á fjárhagslega frammistöðu útgefanda sem stafar af núverandi eða mögulegum áhrifum stjórnarháttarlegra þátta, svo sem ófullnægjandi upplýsingagjöf og ógagnsæi, eða skortur á aðgerðum til að sporna gegn t.d. mútugreiðslum og spillingu.

Mismunandi er hvernig sjálfbærniáhætta er felld inn í fjárfestingarákvörðunarferli hjá fjárfestingarteymum innan Íslandssjóða þar sem mikilvægi, aðgengi að upplýsingum og tímarammi sjálfbærniáhættu er breytilegur eftir eiginleikum viðkomandi fjárfestingarafurða Íslandssjóða, þ.á.m. út frá eignaflokkum, fjárfestingaraðferðum, markmiðum og markaðssveiflum.

Sjálfbærniáhætta er samþættuð í fjárfestingarákvörðunarferlið samhliða hefðbundinni fjárfestingaráhættu (s.s. markaðsáhættu, seljanleikaáhættu, vaxtaáhættu eða lausafjárahættu). Sjálfbærniáhætta getur haft veruleg áhrif á hefðbundna fjárfestingaráhættu og þar með verið mikilvægur þáttur af fjárfestingaráhættunni. Vægi sjálfbærniáhættu, eitt og sér, getur þó verið slíkt að það myndi ekki koma í veg fyrir tiltekna fjárfestingu en getur skipt máli við ákvörðun á heildaráhættumati og þýðingu þess.

Íslandssjóðir hafa gripið til eftirfarandi ráðstafana til að fella inn sjálfbærniáhættu í fjárfestingarákvörðunarferli:

- Tryggja að fjárfestingarteymi hafi aðgang að viðeigandi UFS upplýsingum, þar sem við á, sem gerir þeim kleift að koma auga á sjálfbærniáhættu innan viðkomandi fjárfestingarsviðs. UFS gögn og upplýsingar frá utanaðkomandi gagnaveitum eru notuð til að styðja við innra UFS mat og aðferðarfræði ábyrgra fjárfestinga innan Íslandssjóða samkvæmt stefnu félagsins þess efnis. Með framangreindu er leitast við að efla þekkingu og mat fjárfestingarteyma á sjálfbærniáhættu.

⁶ Sjá nánari umfjöllun um UFS tengda áhættu í [skýrslu Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar \(EBA\) nr. EBA/REP/2021/18](#).

- Taka tillit til og taka sjálfbærniáhættu með í reikninginn sem hluta af verðmatsgreiningu fyrirhugaðrar fjárfestingar í samræmi við fjárfestingaraðferð viðkomandi fjárfestingarafurðar Íslandssjóða.
- Tilgreina, meta og grípa til viðeigandi aðgerða gagnvart útgefanda sem hefur sýnt af sér mikil váhrif vegna sjálfbærniáhættu. Tilgreining og mat á sjálfbærniáhættu í fjárfestingarákvörðunartökuferlinu er framkvæmt í samræmi við eiginleika viðkomandi fjárfestingaraðferðar og getur falið í sér mismunandi aðgerðir, þar á meðal en ekki takmarkað við; að ákveða að fjárfesta ekki, að selja fjárfestingu úr eignasafni, að beita virkum samræðum við útgefanda eða útiloka viðkomandi útgefanda.

Til að styðja við samþættingu sjálfbærniáhættu í fjárfestingarákvörðunartökuferli fjárfestingarteyma gerir svið Áhættustýringar innan Íslandssjóða, þar sem við á, UFS greiningu í reglulegri áhættuskýrslugjöf til fjárfestingarteyma. Íslandssjóðir geta auk þess leitað til ytri sérfræðinga á sviði sjálfbærniáhættu til að styðja við fjárfestingarteymin en á endanum eru það teymin sem taka lokaákvörðun um fjárfestingu.

3. Innleiðing, endurskoðun stefnu og eftirlit

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á innleiðingu stefnu þessarar og skal stefnan tekin til endurskoðunar árlega.

Áhættustýring Íslandssjóða, sem er aðskilin frá fjárfestingarstarfsemi félagsins, hefur eftirlit með greiningu, mælingu, stýringu og vöktun hvers konar áhættuþátta tengdum fjárfestingaraðferðum og þeim áhættuþáttum sem hvert fjárfestingarteymi verður eða getur orðið fyrir, í samræmi við innra verklag.

Samþykkt af stjórn Íslandssjóða hf. 25. maí 2023.